



Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann



Steinunn Bergmann,
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Það hefur reynt á félagslega samstöðu síðustu tvö árin og saman höfum við farið í gegnum heimsfaraldur með tilheyrandi nýjum áskorunum. Faraldurinn lagðist þyngst á þau sem standa höllum fæti og hafa félagsráðgjafar um allan heim gegnt lykilllutverki í að vinna með þeim að bættum hag. Alþjóðasamtök félagsráðgjafa fylgjast grannt með stöðu mála og setja fram áherslur fyrir tveggja ára tímabil í senn. Árin 2022–2023 eru skilaboðin: *Byggjum saman nýtt vistvænt-félagslegt samfélag; skiljum enga eftir (e. Co-Building a New Eco-Social World: Leaving No One Behind)*. Þessi skilaboð eru áskorun um að endurskoða heimsmyndina og gefa upp á nýtt. Félagsráðgjöf byggist á heildarsýn og valdeflingu með félagslegt réttlæti og umhverfisvernd að leiðarljósi. Áfram er ákall um þörfina fyrir alþjóðlega samstöðu og viðurkenningu á þátttöku allra til að byggja upp framtíð sem einkennist af sjálfbærni, sanngirni og félagslegum jöfnuði.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) er í stöðugum vexti og voru félagar 555 í lok árs 2021. Hlutfall karla er um 6%. Starfsemin hefur einkennst af fjarvinnu, fjarfundum og margvíslegum rafrænum viðburðum undanfarin tvö ár sem hafa auðveldað alþjóðlegt samstarf og ekki síður samskipti við félagsfólk um allt land. Félagsráðgjafar hafa sýnt mikla seiglu og ítrekað fært vinnuna heim fyrirvaralaust en um leið náð að tryggja órofna þjónustu fyrir viðkvæma hópa. Félagið leitar stöðugt leiða til að styðja félagsfólk og efla fagið og þar gegna fagdeildirnar tólf lykilllutverki. Þann 26. október 2021 var haldið málþing á Hótel Natura og í streymi undir yfirskriftinni *Ofbeldi snertir allt samfélagið*. Var það haldið í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og fagdeildir FÍ í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, félagsþjónustu, fræðslu- og skólafélagsráðgjöf, fjölmenningu, heilbrigðisþjónustu, málefnum fatlaðra og öldrunarmálum. Boðið var upp á fjölda erinda frá félagsráðgjöfum og samstarfsaðilum auk þess sem Hanna Cinthio, rannsakandi á sviði félagsráð-

gjafar, var með rafrænt erindi frá Svíþjóð þar sem hún fjallaði um áhrif menningar á ofbeldi. Málþingið var vel sótt en streymt var í gegnum visir.is og Facebook-síðu félagsins þar sem upptaka er aðgengileg. Haldinn var rafrænn morgunfundur á alþjóðlega mannréttinda-deginum þann 10. desember 2021 í samstarfi við fagdeild í áfengis- og vímuefnamálum undir yfirskriftinni *Mannréttindi fyrir alla* þar sem sjónum var beint að þeim sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda, geðröskun og heimilisleysi eða eru í hættu á að lenda í slíkum aðstæðum. Fagdeild í fræðslu- og skólafélagsráðgjöf var með tvo rafræna hádegisfundu, 29. nóvember 2021 um innleiðingu nýrra laga um farsæld barna og 21. febrúar 2022 um stuðning við börn í skólum. Félagsráðgjafarþingið var með óhefðbundnu sniði í ár og ýmislegt gert í tilefni alþjóðadags félagsráðgjafar, sjá nánar sérstaka umfjöllun um þingið og alþjóðadaginn.

Félagsráðgjafafélag Íslands leggur mikla áherslu á að taka þátt í stefnumálum stjórnvalda. Á liðnu starfsári var rituð 21 umsögn um þingmál og frumvörp frá Alþingi auk fimm umsagna um skýrslur og stefnumál innan ráðuneyta og ályktana um álitamál, svo sem á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2022 og vegna innrásar rússneska hersins í Úkraínu. Nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem félagið fylgir eftir en tillagan er í takt við hin nýju lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Mikil eftirspurn er eftir félagsráðgjöfum hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og hjá félagasamtökum, og einkastofum félagsráðgjafa fjölgar stöðugt. Félagsráðgjafar gegna lykilllutverki í því að efla velferðarkerfið og styðja viðleitni stjórnvalda til umbóta. Þjóðin eldist og breytt samfélag kallar á margvísleg úrlausnarefni sem krefjast sérþekkingar félagsráðgjafa. Því þarf að fjölga í útskriftarhópi félagsráðgjafa og leita leiða til að fjölga körlum í stéttinni. Að lokum má nefna að undirbúningur kjaraviðræðna er hafinn en kjarasamningar eru lausir 31. mars 2023. Huga þarf að þáttum er varða vinnuumhverfi ekki síður en kjarabótum.

Alþjóðadagur félagsráðgjafar

Félagsráðgjafar um allan heim fögnuðu alþjóðadegi félagsráðgjafar 15. mars 2022 og stóðu saman um skilaboðin *Byggjum saman nýtt vistvænt-félagslegt samfélag: skiljum enga eftir* (e. *Co-Building a New Eco-Social World: Leaving No One Behind*).

Áhersla dagsins einkenndist þó öðru fremur af þeirri ógn sem úkraínska þjóðin stendur frammi fyrir en fjöldi fólks hefur verið hrakinn á flótta vegna innrásar rússneska hersins. Meirihluti flóttafólksins er konur og börn en í byrjun apríl var fjöldi barna á flótta kominn í 4,6 milljónir. Allt þetta fólk hefur á augabragði lent í stöðu flóttafólks vegna skelfilegra aðstæðna sem það réð engu um. Margt af því er veikt og í þörf fyrir bráðalæknisþjónustu, jafnvel án skilríkja þar sem þessi hræðilegi atburður gerði ekki boð á undan sér. Fjöldi félagsráðgjafa og félagsráðgjafarnema í löndum sem liggja að Úkraínu hefur tekið sér stöðu á landamærunum til að aðstoða flóttafólk, enda er neyðin mikil. Þar sem mannréttindi og viðbrögð við þörfum fólks í viðkvæmum aðstæðum eru kjarninn í félagsráðgjöf hafa félagsráðgjafar í Evrópu og um allan heim skipulagt starf til að leggja þessu fólki lið. Alþjóðasamtök félagsráðgjafa hafa hrundið af stað söfnun til að styðja við bakið á félagsráðgjöfum og félagsráðgjafarnemum sem veita aðstoð við landamærin. Voru samtök félagsráðgjafa um alla Evrópu hvött til að vekja athygli á söfnuninni á alþjóðadegi félagsráðgjafar. Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands ákvað að leggja söfnuninni lið og sendi frá sér yfirlýsingu 10. mars 2022:

Félagsráðgjafafélag Íslands hvetur til fríðsamlegra samskipta og fordæmir innrás Rússa í Úkraínu. Þá vill félagið lýsa yfir samstöðu með félagsráðgjöfum og öðrum íbúum Úkraínu. Fjöldi félagsráðgjafa og félagsráðgjafarnema í löndum sem liggja að Úkraínu hafa tekið sér stöðu á landamærunum við að aðstoða flóttafólk, enda er neyðin mikil. Félagsráðgjafar vinna gegn mannréttindabrotum hvar sem þau eiga sér stað með virðingu fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur tekið áskorun VR og styrkir hjálparstarf í þágu Úkraínu um 10 evrur á hvern félagsmann. Stjórn félagsins skorar á önnur stéttarfélög að leggja lið.

Einnig voru félagsráðgjafar í Evrópu hvattir til að senda skýr skilaboð á alþjóðadeginum, taka mynd með skilaboðunum *Social Work Stands for Peace and*

Dialog og *Social Workers Stand Together Against War* og birta á samfélagsmiðlum undir millumerkinu #standstogetheragainstwar.



Stjórn og framkvæmdastjóri FÍ senda skilaboð á alþjóðadegi félagsráðgjafar

Á alþjóðadeginum stóð siðanefnd FÍ fyrir vinnusmiðju til að ræða nýja grein í siðareglum FÍ og hvernig félagsráðgjafar geti betur sinnt málsvaahlutverkinu í vinnu með fólki sem vill breyta aðstæðum sínum og með þeim sem ekki geta varið sig sjálf. Siðareglur félagsráðgjafa hér á landi og á alþjóðavettvangi snúast um mannréttindi, en eins og segir í siðareglum FÍ: *Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað. Félagsráðgjafar vinna að þessum markmiðum á hverjum degi og þau eru því hluti af því félagslega öryggisneti sem við treystum á þegar áföll verða. Í kjölfar vinnusmiðjunnar kom tillaga til aðalfundar FÍ 26. apríl 2022 um að félagið stofni aðgerðahóp félagsráðgjafa sem sinnir málsvaahlutverki í samstarfi við einstaklinga sem eru jafarsettir og aðra minnihlutahópa. Þessi tillaga er í anda nýrrar greinar í siðareglum félagsins og til þess fallin að efla málsvaahlutverk félagsráðgjafa. Aðalfundur samþykkti tillöguna samhljóða og fól stjórn að kalla eftir tilnefningum og skipa hópinn.*

Kæru félagsráðgjafar, stöndum saman og gerum kjörorð Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa að okkar: *Byggjum saman nýtt vistvænt-félagslegt samfélag: skiljum enga eftir.*

Steinunn Bergmann



Heiðursviðurkenning Norrænu háskólasamtakanna



Frá afhendingu heiðursviðurkenningar NASSW

Á FORSA-ráðstefnunni sem haldin var hér á landi í nóvember 2021 hlaut Lára Björnsdóttir félagsráðgjafi heiðursviðurkenningu Norrænu háskólasamtakanna (NASSW) fyrir framúrskarandi framlag til félagsráðgjafar. Viðurkenningin er veitt annað hvert ár í tengslum við ráðstefnu NASSW og FORSA, sem eru Norræn samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf.

Lára Björnsdóttir hefur starfað að velferðarmálum í hálfá öld og verið sérstakur málsvari fyrir mannréttindi fatlaðs fólks og þeirra sem búa við fátækt. Lára lauk prófi í félagsráðgjöf frá Danmarks Sociale Højskole árið 1968 og meistaraþráðu í félagsráðgjöf frá háskólanum í Bradford á Englandi árið 1986. Hún hefur komið víða við í starfi sínu sem félagsráðgjafi, starfað á ýmsum sviðum velferðarmála, sinnt einstaklingsmálum auk stjórnunar og stefnumótunar hjá Reykjavíkurborg, ríkisstofnunum og félagasamtökum. Sem dæmi má nefna þá var Lára

framkvæmdastjóri Þroskahjálpar 1990 til 1994, félagsmálastjóri Reykjavíkur 1994 til 2006 og skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu 2008 til 2012. Hún stýrði Velferðarvaktinni í kjölfar efnahagshrunsins 2008 til 2013.

Lára var í hópi fyrstu félagsráðgjafa hér á landi og gekk í raðir Félagaráðgjafafélags Íslands árið 1969, þá tíundi félagsmaðurinn. Hún gegndi mörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið, var formaður þess 1990–1992 og átti sæti í fræðslunefnd og ritnefnd félagsins sem gaf út veglegt afmælisrit á 25 ára afmæli þess.

Lára var sæmd gullmerki Landssamtakanna Þroskahjálpar 1995 og hlaut Rósina 2011, hvatningarverðlaun samtakanna og fjölskyldu Ástu B. Þorsteinsdóttur. Þá var Lára sæmd riddarakrossi fálkaorðu forseta Íslands 17. júní 2016 fyrir störf á vettvangi velferðar og félagsþjónustu og að málefnum fatlaðs fólks.

Lára Björnsdóttir hefur helgað starfsævi sína baráttu fyrir félagslegu réttlæti og mannréttindum. Á myndinni má sjá þegar heiðursverðlaun Norrænu háskólasamtakanna árið 2021 voru afhent á FORSA-ráðstefnunni sem var send út í rafrænu formi frá hótél Hilton Reykjavík Nordica.

Félagaráðgjafafélag Íslands óskar Láru Björnsdóttur innilega til hamingju með þessa viðurkenningu.

Félagaráðgjafafélag 2023 verður haldið
17. febrúar 2023.

Takið daginn frá!

Minning

Sigrún I. Karlsdóttir félagsráðgjafi lést á liðnu ári, nánar tiltekið þann 6. júlí 2021. Sigrún var einn af frumkvöðlum félagsráðgjafar á Íslandi og í hópi þeirra fyrstu sem störfuðu við félagsráðgjöf hér á landi. Samkvæmt félagatali Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) var Sigrún I. Karlsdóttir sjötti félagsráðgjafinn sem gekk til liðs við félagið frá stofnun þess árið 1964, en það var árið 1967, á sama tíma og hún hóf störf sem félagsráðgjafi hér á landi. Sigrún gegndi árum saman ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Félagsráðgjafafélagið og var meðal annars formaður þess árin 1970–1971 og 1978–1979. Þá vann hún ötullega að því að kennsla í félagsráðgjöf yrði hafin hér á landi, en fyrirhuguð kennsla í félagsráðgjöf við

Háskóla Íslands var eitt af stóru verkefnum fyrstu tvo áratuginna í starfi FÍ. Þessi undirbúningur hófst árið 1969 og sat Sigrún fyrir hönd FÍ í tveimur nefndum sem komu að honum. Það var síðan árið 1982 sem fyrstu félagsráðgjafarnir voru útskrifaðir hér á landi. Þá má nefna að Sigrún I. Karlsdóttir kom að undirbúningi fyrsta Norræna þings félagsráðgjafa hér á landi sem haldið var í júní 1975 og sat í fyrstu stjórn Vísindasjóðs FÍ (Saga Félagsráðgjafafélags Íslands 1964–2014).

Félagsráðgjafafélag Íslands sendir samúðarkveðjur til aðstandenda og vina Sigrúnar I. Karlsdóttur.



Myndin var tekin árið 2014 á 50 ára afmæli FÍ en af því tilefni var fyrsta Félagsráðgjafabíngið haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Sigrún, sem er fyrir miðri mynd, er þarna ásamt fyrrverandi formönnum FÍ.

Heimasíða Tímarits félagsráðgjafa er www.timaritfelagsradgjafa.is

Skilafrestur ritrýndra greina í næsta tölublað er 1. september 2022.
Hægt er að skila inn öðru efni í tímaritið fram til áramóta 2022–2023.



Nýir sérfræðingar



Þann 4. júní 2021 fékk Ásta Kristín Benediktsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Ásta Kristín lauk árið 1994 BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands með félagsráðgjöf sem aukafag og prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf frá sama skóla árið 1995. Hún lauk meistaraþrófi í viðskiptafræði, MBA, árið 2012 og viðbótardiplóma í félagsráðgjöf á sviði fjölmenningar, málefna innflytjenda og flóttafólks árið 2020. Hún hefur auk þess lokið fjölda námskeiða sem tengjast starfi hennar og sérhæft sig m.a. í vinnu með flóttafólki. Ásta Kristín starfaði sem deildarstjóri hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík á árunum 1995–1998. Hún var framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands 1998–1999, gegndi starfi félagsmálastjóra hjá sveitarfélaginu Álftanesi 1998–2008 og var forstöðumaður búsetuúrræða geðfatlaðra á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur á árunum 2008 til 2014. Frá árinu 2014 hefur hún verið deildarstjóri félagsþjónustudeildar þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis. Ásta Kristín sat í kjaranefnd Félagsráðgjafafélags Íslands 1998–2001 og hefur setið í stjórn vísindanefndar félagsins frá árinu 2016.



Þann 10. desember 2021 fékk Ingibjörg Þórðardóttir réttindi sem sérfræðingur í klínískri félagsráðgjöf. Ingibjörg lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands í júní árið 2007 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2014. Hún hóf störf hjá Stígamótum við útskrift 2007 og starfaði þar í tvö ár. Hún lauk einnig diplómanámi í fjarmedferð frá Academy for Online Therapy í Bretlandi árið 2018 og sinnti kennslu þar árin 2018–2021. Þá hefur hún sinnt stundakennslu við iðjuþjálfadeild Háskólans á Akureyri frá árinu 2018 og frá október 2020 hefur hún starfað sem sérfræðingur hjá DrekaSlóð. Ingibjörg sat í stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands árin 2018–2020 og í ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa 2017–2020. Hún er meðlimur í fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa. Frá árinu 2013 hefur Ingibjörg rekið eigin félagsráðgjafarstofu, Hugrekki – ráðgjöf og fræðslu, þar sem hún sinnir sam-

talsmedferð og ýmiss konar fræðslu og námskeiðum, ýmist ein eða í samvinnu við aðra. Á stofunni eru í boði fjölbreytt verkefni og meðferðir, en Ingibjörg hefur sótt sér yfirgrípsmikla sérþekkingu og reynslu varðandi mál á sviði heimilis- og kynferðisofbeldis. Þar að auki tekur hún að sér verkefni í félagsþjónustu og barnavernd fyrir sveitarfélög.



Þann 14. desember 2021 fékk Sveindís Anna Jóhannsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Sveindís lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 2004 og meistaraþróðu frá sama skóla 2013. Hún lauk diplómanámi í handleiðslufræðum frá Háskóla Íslands árið 2017 og sáttamiðlarnámi frá Sáttamiðlaraskólanum 2021. Hún hóf störf sem félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustunni Lausn, sem var fjölskyldumeðferðarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar, og starfaði síðan á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Árin 2005–2012 var Sveindís ráðgjafi vegna umsókna hjá Tryggingastofnun ríkisins og hún hefur frá árinu 2006 verið stunda- og starfsþjálfunarkennari við félagsráðgjafardeild HÍ. Árið 2009 stofnaði Sveindís *Félagsráðgjafann*, ráðgjafar- og meðferðarstofu. Hún vann annað sæti í samkeppni sprotafyrirtækja fyrir viðskiptaáætlun fyrir *Félagsráðgjafann* og var tilnefnd sem félagsráðgjafi ársins hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands árið 2009. Hún var verkefnastjóri hjá Velferðarráðuneytinu 2009–2010 ásamt því að starfa hjá Samvinnu – Starfsendurhæfingu Suðurnesja 2009–2011 og hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar 2011–2018. Hún hóf störf á Reykjalundi 2018, var skipuð formaður Gæðaráðs Reykjalundar 2020 og síðan ráðin í stöðu forstöðufélagsráðgjafa 2021. Sveindís sat í stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands árin 2005–2013 og var formaður vísindanefndar FÍ 2005–2011. Þá sat hún eitt ár í ritnefnd Tímarits félagsráðgjafa og hin síðari ár í fagráði fagdeildar í endurhæfingu. Hún hefur frá árinu 2020 setið í stjórn Handleiðslufélags Íslands og er formaður síðanefndar félagsins. Sveindís sat í ritnefnd bókanna *Heilbrigði og heildarsýn – félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (2006) og *Handleiðsla – Til eflingar í starfi* (2020) auk þess að rita eigin kafla í bækurnar. Sveindís hefur setið í Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar frá 2018 og haldið fjölda erinda um velferðarmál bæði fyrir almenning og fagfólk.